

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um brjóstastækkunaraðgerðir með PIP-sílikonpúðum.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvaða læknastofur hafa sett PIP-sílikonpúða í brjóst kvenna á Íslandi frá 1. janúar 2000?
2. Hversu margar eru aðgerðirnar á fyrrgreindum stofum á ári, hverri fyrir sig?
3. Hafa PIP-púðar verið settir í konur á heilbrigðisstofnunum eða sjúkrahúsum, annaðhvort í verktöku eða í reglubundinni starfsemi, og þá hvaða stofnunum, og hversu margar eru aðgerðirnar á hverjum stað?
4. Hversu margir af púðunum sem spurt er um hafa verið fjarlægðir nú þegar og á hvaða stofum eða stofnunum?
5. Hvers konar sílikon hefur fundist í hinum sviknu PIP-púðum og til hvers konar notkunar er það ætlað?
6. Hefur farið fram efnagreining á PIP-púðum sem teknir hafa verið úr konum hér á landi eða annars staðar og hvað sýnir hún?
7. Hefur farið fram efnagreining á brjóstamjólk kvenna sem bera leka PIP-púða hér á landi eða annars staðar og hvað sýnir hún?

Skriflegt svar óskast.